



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa  
og fjármálastofnana

**Fréttatilkynning**  
30. september 2020

### Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

#### Fjórði ársfjórðungur 2020

- *Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir 50-70 ma.kr. að söluvirði<sup>1</sup>.*
- *Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa ásamt RIKS 33 0321 og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hve mikið verður selt í hverjum flokki.*
- *RIKS 21 0414 fellur úr viðskiptavakt í október en stefnt verður á viðskiptavakt með RIKS 33 0321 í staðinn.*

#### Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2020 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 40 ma.kr. að söluvirði á árinu. Efnahagslegar afleiðingar af útbreiðslu kórónuveirunnar á árinu hafa valdið því að ríkissjóður hefur þurft að hverfa frá þessari útgáfustefnu. Útgáfa á fyrstu 9 mánuðum ársins var samtals 112 ma.kr. af söluvirði þar af 60 ma.kr. síðustu þrjá mánuði.

#### Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er áætluð á bilinu **50-70 ma.kr.** Vegna þeirrar óvissu sem ríkir í efnahagsmálum um þessar mundir er ekki hægt að birta áætlaða hámarksútgáfu í einstökum flokkum á ársfjórðungnum. Mikilvægt er að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Leitast verður við að bjóða út bæði stutta og langa ríkisbréfaflokka í útboðum.

---

<sup>1</sup> Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

### Lánastefna

Í nýjustu langtímastefnu í lánamálum ríkissjóðs 2020-2024 sem birt var þann 31. desember sl. eru sett markmið og viðmið í lánastefnu stjórnvalda. Vegna efnahagslegra afleiðinga af farsóttinni mun þurfa að slaka á einstökum viðmiðum sem þar eru sett fram til þess að ná meginmarkmiðinu í lánamálum. Þetta þýðir að ríkissjóður getur m.a. þurft að víkja frá viðmiði um hámarksstærð flokka, samsetningu lánasafnsins og öðrum viðmiðum. Leitast verður við að viðhalda fyrirsjáanleika í lánamálum eftir bestu getu, en vegna afar óvenjulegra aðstæðna verður ríkissjóður að hafa sveigjanleika til að bregðast við óvissu og breyttum aðstæðum sem kunna að verða á fjármálamörkuðum.

### Uppkaup – skiptiútboð

Möguleiki er á uppkaupum eða skiptiútboðum þegar RIKS 21 0414 fellur úr viðskiptavaktinni um miðjan október nk. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti. Útgáfa í tengslum við skiptiútboð mun bætast við fyrirhugaða útgáfu á árinu og þar með draga úr áætlaðri útgáfupörf á næsta ári.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisvíxla

Lausafjárstaða ríkissjóðs er traust. Vegna aðgerða sem stjórnvöld hafa boðað í tengslum við Covid-19 er óljóst hversu mikið af lánsfjárþörfinni ríkissjóður þarf annars vegar til skemmri tíma og hins vegar til lengri tíma. Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er því mikilvægur og möguleiki er á því að bætt verði við útboðum á ríkisvíxlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvíxla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.